

Lög Foreldrafélags leikskólans Núps

Síðustu lagabreytingar voru gerðar á aðalfundi 3. október 2018

1. grein

Félagið heitir Foreldrafélag leikskólans Núps. Félagar eru foreldrar og forráðamenn barna í leikskólanum Núpi.

2. grein

Markmið félagsins er að stuðla að velferð barna leikskólans innan sem utan leikskólans.

3. grein

Aðalfundur ár hvert ákveður félagsgjald. Innheimt er eitt gjald fyrir hvert heimili/fjölskyldu. Gjaldkeri sér um innheimtu gjaldsins en stjórn ákveður hvernig innheimtu skal háttað.

4. grein

Aðalfund félagsins skal halda á tímabilinu frá 15. september til 15. október ár hvert. Á aðalfundi skal taka fyrir eftirtalin mál:

- a. Skýrsla stjórnar
- b. Reikningar félagsins
- c. Kosning nýrrar stjórnar
- d. Kosning skoðunarmanna reikninga
- e. Lagabreytingar
- f. Ákvörðun um árgjald
- g. Önnur mál

Þeir einir eru kjörgengir sem eiga barn/börn á leikskólanum á aðalfundardegi og vægi atkvæða skal vera með þeim hætti að hver forráðamaður/foreldri hafi eitt atkvæði (óháð fjölda barna).

Aðalfund skal boða með minnst sjö daga fyrirvara og telst því aðeins löglegur sé löglega til hans boðað.

Komi til atkvæðagreiðslu um einstök mál á aðalfundi skal einfaldur meirihluti ráða.

5. grein

Í stjórn félagsins skal kjósa 5-8 fulltrúa, að lágmarki einn frá hverri deild. Undantekningu má gera ef enginn fulltrúi næst af ákveðinni deild, en þá má kjósa fulltrúa af annarri deild í staðinn.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum að loknum aðalfundi og velur í embætti:

- Formanns
- Ritara
- Gjaldkera
- 2-5 meðstjórnenda

Auk þess tilnefni starfsfólk leikskólans fulltrúa til að starfa með stjórninni.

6. grein

Lögum þessum má aðeins breyta á löglega boðuðum aðalfundi. Tillögur að breytingum þurfa að vera skriflegar og hafa borist stjórn félagsins í síðasta lagi 1. september og skulu sendar félagsmönnum með fundarboði. Til að samþykkja breytingar á lögum þessum þarf minnst aukinn (2/3) meirihluta atkvæða á aðalfundi.